

7. desember 2023

Athugasemdir Guðjóns Braga Benediktssonar um 543. mál,
Frumvarp til laga um viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir

A

Orðskýringum áfátt

Vanda mætti betur til orðskýringa og hugtakaskýringa með frumvarpi þessu. Í 2. grein frumvarpsins er gerð tilraun til að skýra orðið losunarheimild. Kemur orðið hnatthlýnunamáttur fyrir í orðskýringunni. Það teljast varla góð vinnubröð og gagnsæi að útskýra torskilið orð með öðru enn torskildara orði. Orðið hnatthlýnunarmáttur hljómar eins og trúarlegt orð og það þarfnast skýringa.

B

Engin staðkvæmdarvara til staðar svo til hvers er hvatinn?

Tilgangur laganna er sagður vera sá að skapa aukna hvata til samdráttar í losun, orkusparnaðar og orkuskipta. En varðandi áformuð orkuskipti í flugi og siglingum þá er ekki enn sem komið er til staðar staðkvæmt eldsneyti í flugi og siglingum. Þannig að ætla má að á þessu stigi verði áhrif laganna fyrst og fremst sá að þrengja að atvinnulífinu.

C

Greiningu áfátt á áhrifum laganna varðandi mögulega áhættu fyrir þjóðaröryggi

Flugfélög og skipafélög sem stunda samgöngur við eyjuna Ísland öðlast þjóðaröryggishlutverk á ófriðartímum eða á tímum náttúruhamfara. Slíkt mikilvægt hlutverk samgangna á sjó og í lofti fyrir líf og öryggi eyjaskeggja sást t.d. í Vestmannaeyjagösinu og í síðari heimsstyrjöldinni. Því þarf að leggja mat á stjórnisýsluvald Umhverfisstofnunar yfir atvinnulífinu. Í frumvarpinu kemur víða fram að Umhverfisstofnunar er ætlað gríðarlegt vald þar sem stofnunin getur fryst reikning eða lokað reikningi fyrirtækis sem þýðir í raun lokun starfsemi. Kanna þarf hvort slíkt vald á hendi embættismanna einnar stofnunar geti verið varasöm með tilliti til þjóðaröryggis og landshags. Einnig þarf að greina hvort það samræmist hagsmunum Íslands að beita svo íþyngjandi lögum á fyrirtæki sem vega þungt í efnahagslífinu, öll stóriðjan, helstu sjávarútvegsfyrirtæki og fjögur flugfélög.

D.

Greining á efnahagslegum áhrifum frumvarpsins á hag landsmanna er ekki til staðar. Á efnahagslega erfiðum tímum eins og nú er mikilvægt að rannsaka hvaða áhrif auknir mengunarskattar hafa á hag landsmanna, hvort verðlag hækki vegna skattanna.

E

Það vantar umfjöllun um loftlagsvísindin umdeildu að baki frumvarpinu. Kolefnishlutleysi er ávísun á gríðarlega miðstýringu atvinnulífsins, skrifræði og lífskjararárnun almennings.

Guðjón Bragi Benediktsson
Hvassaleiti 26. 103-Reykjavík